



1.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga kjörtímabilið 2014- 2018 haldinn í ráðhúsi Árborgar þriðjudaginn 2.september 2014 kl. 11:00.

Mætt: Ari Björn Thorarensen formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Ragnar Magnússon.

1. Kosning ritara framkvæmdastjórnar.

Formaður setur fund og býður nýja framkvæmdastjórn Héraðsnefndar velkomna til fyrsta fundar. Arna Ír kosinn ritari framkvæmdastjórnar.

2. Umræða um fjárhagsáætlanir ársins 2015.

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri kemur inn á fundinn. Fagráðin munu funda tvisvar í þessum mánuði og á þeim fundum verður fjallað um fjárhagsáætlanir næsta árs. Gert er ráð fyrir að forstöðumenn leggi fjárhagsáætlanir sínar fram fyrir framkvæmdastjórn þann 8.október nk. og að haustfundur Héraðsnefndar verði haldinn þann 16.október nk. í Ölfusi.

3. Heimasíða.

Nú ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að heimasíða Héraðsnefndar komist í gagnið. Þar með verður aðgangur að upplýsingum og gögnum sem viðkoma Héraðsnefnd Árnésinga greiður fyrir alla sem á þurfa að halda.

4. Umsókn um styrk til Héraðsnefndar Árnésinga frá Sigurði Sigurðarsyni vegna útgáfu bókar um Kristínu Skúladóttur frá Keldum á Rangárvöllum.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar getur ekki orðið við erindinu þar sem úthlutun slíkra styrkja telst ekki vera hlutverk Héraðsnefndar.

5. Önnur mál.

- **Ráðningarsamningur forstöðumanns Héraðsskjalasafns.** Endurnýja þarf ráðningarsamning forstöðumannsins þar sem hann er runnin út. Ingibjörgu Garðarsdóttur falið að skoða ráðningarsamninga forstöðumanna stofnana Héraðsnefndar fyrir næsta fund.

- **Geymsluhúsnæði Héraðsskjalasafns Árneseinga.** Þorsteinn forstöðumaður Héraðsskjalasafns heldur áfram að leita að hentugu geymsluhúsnæði fyrir safnið, þar sem húsnæðið er á þrotum.
- **Hrísholt 6.** Ari ræðir við Aldísi og Ástu varðandi hugsanlega sölu á hlut Héraðsnefndar í eigninni að Hrísholti 6, Selfossi.
- **Hlutabréf í Ramma.** Sveini falið að ganga til samninga við Ramma um sölu á hlutabréfum sem voru í eign Héraðsnefndar í samræmi við umræður á fundinum.
- **Áshildarmýri.** Ara falið að gera drög að samningi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um umsjón með Áshildarmýri sem Héraðsnefnd eignaðist á sl. ári.
- **Alviðra.** Enn er beðið eftir verðmati á eigninni frá fasteignasala. Ari þrýstir á að það verði klárað sem fyrst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Arna Ír Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.